



Einkaneysla heimilanna umfram ráðstöfunartekjur

Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann lækkaði lítillega milli ára

Ráðstöfunartekjur heimilanna samanstanda af launatekjum, eignatekjum, tilfærslutekjum og reiknuðum rekstrarafgangi einstaklingsfyrirtækja. Til frádráttar koma svo eign- og tilfærsluútgjöld.


Ráðstöfunartekjur jukust um 4,2% milli 2012 og 2013. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 3,9%, þannig að kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst lítillega.

Þar sem þjóðinni fjölgar yfir tíma er nákvæmara að tala um ráðstöfunartekjur á mann. Á þann mælikvarða hækkuðu ráðstöfunartekjur um 3,2% milli árána 2012 og 2013 sem þýðir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann minnkaði um 0,7% milli ára.

Samhengi ráðstöfunartekna og einkaneyslu


Að öllu jöfnu ættu ráðstöfunartekjur að duga til að fjármagna einkaneyslu auk þess sem heimilin gætu lagt eitthvað til hliðar í sparnað. Tölur Hagstofunnar um heildarráðstöfunartekjur og einkaneyslu heimilanna benda hins vegar til að einkaneyslan sé yfirleitt meiri en ráðstöfunartekjur. Sé litið yfir lengri tíma var það aðeins á samdráttarárunum 2008 og 2009 að tekjurnar voru meiri en neysluútgjöldin þó ekki hafi munað miklu. Árið 2010 tók aftur að myndast bil milli tekna og útgjalda heimilanna og síðustu ár hefur einkaneysla verið álíka mikið hærri en ráðstöfunartekjurnar og var á árunum fyrir hrun. Taka verður tillit til þess að á síðustu árum höfðu heimilin töluverðar tímabundnar tekjur svo sem úttekt séreignasparnaðar og sérstakar vaxtaniðurgreiðslur. Í árslok 2013 voru heildarneysluútgjöld heimilanna um 950 ma.kr. en tekjur þeirra aðeins um 860 ma.kr. Útgjöld heimilanna umfram tekjur námu því tæplega 90 ma.kr. sem er nokkuð meira en áætluð heildarupphæð skuldaniðurfærslu stjórnvalda á næstu 4 árum.

**Kaupmáttur ráðstöfunartekna
1994-2013**




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

**Ráðstöfunartekjur og einkaneysla
heimilanna**



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Sérstakar greiðslur til heimila



Heimild: Seðlabanki Íslands, Forsætiráðuneytið



Á árunum 2010 til 2013 voru heildarútgjöld að jafnaði um 10% hærrí en tekjurnar. Það liggur í augum uppi að sú þróun er ekki sjálfbær til lengri tíma. Til að jafnvægi náist milli útgjalda og tekna heimilanna þurfa ráðstöfunartekjurnar því að aukast talsvert hraðar en útgjöldin á næstu árum eða þá að útgjöldin þurfa að dragast saman.

Ein skýring á því að einkaneyslan sé meiri en ráðstöfunartekjurnar til lengri tíma gæti verið að raunverulegar tekjur heimilanna séu vanmetnar, þ.e. þær séu ekki allar gefnar upp til skatts. Að því gefnu að það sé ekki skýringin, getur aðeins þrennt skýrt neyslu umfram tekjur til skemmri tíma litið. Heimilin geta gengið á sparnað, selt eignir eða tekið lán. Lækkun innlána heimilanna árin 2010-2013 bendir til þess að tæplega helmingur umframneyslunnar hafi verið fjármagnaður með sparifé. Erfitt er hinsvegar að meta hina tvo þættina þar sem ýmsar skuldalækkunaraðgerðir hafa komið til ásamt niðurfærslum vegna ólöglegra gengislána. Langvarandi umframeyðsla heimilanna umfram tekjur er hins vegar sterk vísbending um að allar tekjur þeirra rati ekki inn í opinberar tölur.

Samsetning ráðstöfunartekna

Upplýsingar um ráðstöfunartekjur eru að mestu byggðar á skattframtölum einstaklinga, en þær eru lagaðar að uppgjöri þjóðhagsreikninga þar sem við á. Þar má sérstaklega nefna að hagnaður af reiknaðri eigin leigu íbúðarhúsnæðis er talinn með í ráðstöfunartekjum þótt hann komi ekki fram í skattframtali.


Launatekjur mikilvægastar

Launatekjur eru langstærsti hluti ráðstöfunartekna og námu um 70% þeirra á árinu 2013. Tilfærslutekjur, t.d. greiðslur frá Tryggingastofnun, atvinnuleysisbætur og greiðslur frá lífeyrissjóðum voru um 17% teknanna 2013. Tilfærsluhluti ráðstöfunarteknanna jókst mikið í kjölfar hrunsins og á sama tíma lækkaði hlutur launatekna í ráðstöfunartekjunum. Þessi breyting hefur að einhverju leyti gengið til baka á síðustu árum.

Rekstrarafgangur heimilanna


Afgangur af rekstri heimilanna nemur um 10% ráðstöfunartekna. Þarna er um að ræða rekstrarafgang einstaklingsfyrirtækja, reiknuð laun,

Umframeyðsla heimila og minnkun innlána




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Samsetning tekjuhluta ráðstöfunartekna



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild


Rekstrarafg. einstaklingsfyrirtækja - innbyrðis skipting



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



hreinar tekjur af atvinnurekstri og svo að lokum rekstrarafgang af rekstri eigin íbúðarhúsnæðis. Á seinustu árum hafa reiknaðar tekjur vegna eigin húsnæðis vegið sífellt meira í ráðstöfunartekjum og nema þær nú um þremur fjórðu hlutum af rekstrarafgangi einstaklingsfyrirtækja. Að sama skapi hefur hlutur reiknaðra launa af atvinnurekstri farið minnkandi. Sé litið á þróun rekstrarafgangs heimilanna má glöggst sjá að reiknaðar tekjur af rekstri íbúðarhúsnæðis hafa aukist mun meira en aðrir tekjuliðir.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.